

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 109/2002

frá 12. júlí 2002

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2002 frá 25. júní 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2002 frá 19. desember 2001 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 um atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XXI. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 20. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90):

„- **32002 R 0029:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2002 frá 19. desember 2001 (Stjtið. EB L 6, 10.1.2002, bls. 3).“

2. Í 2. lið aðlögunar á tilteknum sviðum skal orðunum „með áorðnum breytingum,“ skotið inn á eftir orðunum „reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 frá 9. október 1990 um atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins,“.

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 29/2002, á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 266, 3.10.2002, bls. 67 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 49, 3.10.2002, bls. 49.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 6, 10.1.2002, bls. 3.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 13. júlí 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 12. júlí 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Gunnar Snorri Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.